



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Mikilvæg atriði

- Skipulagsdagur færður frá 1. desember til 28. nóvember. Starfsfólk í námsferð norður í landi.
- Marita fræðsla fyrir nemendur og forráðamenn í unglingsdeild.
- Skólavísir ekki kominn á netið—verið að vinna í málinu.
- Heilsdagsskólinn lokaður 28. nóvember.
- Greiðslur fyrir heilsdagsskóla verða að berast.
- Vel heppnuð ferð 7. bekkinga á Laugarvatn.
- Tímstundaskólinn kominn af stað.

Marita fræðsla fyrir nemendur og forráðamenn

Skyldumæting

Skipulagsdagur færður til

Skv. skóladagatali var fyrirhugað að halda skipulagsdag mánudaginn 1. desember - fullveldisdaginn. Hins vegar hefur verið ákveðið að starfsfólk Áslandsskóla fari í námsferð norður í land **föstudaginn 28. nóvember**. Því hefur verið ákveðið að færa skipulagsdaginn fram fyrir þessa helgi.

Í námsferð starfsmanna verður haldið í *Hrafnagilsskóla, Háskólann á Akureyri* og *Þelamerkurskóla*. Á þessum stöðum verða ýmiss konar kynningar á starfsemi skólanna, fyrirlestrar og umræðufundir.

Þar sem námsferðin er fyrir allt starfsfólk skólans verður heilsdagsskólinn lokaður föstudaginn 28. nóvember. Í staðinn verður mánudagurinn 1. desember venjulegur skóladagur.

Marita fræðsla miðvikudaginn 19. nóv.

Fræðsla gegn fíkniefnum - Hættu áður en þú byrjar

Miðvikudaginn 19. nóvember fá nemendur í unglingsdeild fræðslu um skaðsemi fíkniefna. Fræðslan er á vegum Forvarna- og fræðsludeildar lögreglunnar í Hafnarfirði, Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði og Marita á Íslandi. Félagið hefur verið með fræðslu um skaðsemi fíkniefna frá árinu 1998.

Í fræðslunni fyrir 9. bekk mun Magnús Stefánsson ásamt lögreglu tala við nemendur og sýna þeim íslenskt myndband um íslenskan veruleika í fíkniefnaheiminum. Magnús skýrir frá reynsli sinni og sögu sem fíkniefnaneytandi. Leitast er við að skýra út fyrir unglungunum hvernig heimur það er í raunveruleikanum sem neytendur fíkniefna lifa í. Ekki er haft það markmið að hræða, heldur skýra út með faglegum forsendum lífið, hættur og afleiðingar eins og þær líta út fyrir þá sem hafa upplifað slíkt og eins og málið lítur út frá sjónarhóli lögreglu. Lögreglan skýrir út fyrir nemendum hver er afleiðing af lífi eins og Magnúsar, hvað standi að baki sakavottorði o.fl.

Fræðsla fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í unglingsdeild

Að kveldi miðvikudagsins 19. nóvember verður fundur fyrir foreldra og forráðamenn nemenda í unglingsdeild. Á fundinn koma Magnús Stefánsson fræðslufulltrúi Marita á Íslandi en auk hans verða lögreglumaður og fulltrúi frá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði, með erindi. Þá munu fulltrúar nemenda flytja erindi um það að vera unglungur í dag. Sýndur er hluti af myndinni sem nemendur sjá um morguninn um íslenskan veruleika í fíkniefnaheiminum. Að lokinni sýningu myndarinnar verða umræður. Á fundinum gefst foreldrum/forráðamönnum gott tækifæri til að fá upplýsingar um einkenni neyslu, hvernig bregðast skuli við ef grunur er um neyslu, hvert hægt er að leita o.s.fr. Fræðslan fer fram í fyrirlestrarsal skólans og hefst kl. 20:00.

Nemendur munu undirbúa veitingar fyrir forráðamenn í heimilsfræðitíma þennan dag.

Vanskil í heilsdagsskóla

Að gefnu tilefni teljum við rétt að minna forráðamenn á eftirfarandi úr reglum um heilsdagsskólann - Trölllaheima - hér í Áslandsskóla:

Forráðamenn eru beðnir að fylla út pöntunarblað fyrir hvort misseri í einu (vor og haust). Óski menn eftir að breyta dvalartíma er beðið um að það sé gert fyrir 25. hvers mánaðar, en innheimt er dvalargjald fyrir einn mánuð í senn og eru forráðamenn beðnir að skila kvittunum fyrir greiðslu til ritara fyrir 5. hvers mánaðar.

Nokkuð hefur borið á því að forráðamenn hafa ekki greitt dvalargjald í heilsdagsskólann. Heilsdagsskólinn er valfrjáls þjónusta sem skólinn veitir og halda þarf utan um skráðan fjölda á hverju tímabili. Forráðamenn verða því að sjá til þess að greiðslur standist svo skólinn þurfi ekki að grípa til aðgerða vegna þessa. Þess ber að geta að nemendur eru á biðlista um að komast í heilsdagsskólann. Þeir sem ekki greiða fyrir ofangreindan tíma geta því átt það á hættu að missa sitt pláss.

Við ætlum að gera allt framúrskarandi vel.

Tómstundaskóli

Tómstundaskólinn fór af stað á dögnum. Ekki er hægt að segja annað en að nokkur vonbrigði hafi verið með þátttöku en, samt sem áður eru sjö námskeið í gangi í tómstundaskólanum.

Forráðamenn eru hvattir til að ganga þegar frá greiðslum fyrir hvert námskeið inn á reikning tómstundaskólans:

**Kennitala: 631002-2930
1101 - 05 - 416790**

Könnun á líðan nemenda

Þriðjudaginn 11. nóvember verða lagðar fyrir nemendur kannanir um líðan þeirra í skólanum. Ein könnun er fyrir nemendur í 1.-4. bekk og önnur fyrir 5.-9. bekk skólans. Í yngri könnuninni er farið inná líðan í bekk, frímínútum og íþróttum svo dæmi séu tekin. Í eldri könnun er farið inná vinnufrið, stríðni og almenna líðan í skólanum.

Sambærileg könnun verður síðan lögð fyrir í mars mánuði til samanburðar. EF forráðamenn vilja ekki að börn þeirra taki þátt í þessum könnunum eru þeir beðnir að koma slíkum upplýsingum skriflega til umsjónarkennara fyrir föstudaginn 7. nóvember.

Á fjallinu græna

*Þú spyrð hví ég dvelji
á fjallinu græna;
með brosi ég þögull svara
því frjálst er mitt hjarta:
Sem blómknippi berst með straumnum
að ókunnum ósi,
eins er minn heimur -
handan seilingar þinnar.*

Mikið fjör á Laugarvatni

Nemendur í 7. bekk héldu í Skólábúðir á Laugarvatn í síðustu viku. Með í för voru umsjónarkennararnir, Ásta Stefanía og Jónína Ósk ásamt Árna Inga skólalíða. Erfitt er fyrir nýja skóla eins og okkar að komast að á Reykjum í Hrutafirði og því var brugðið á það ráð að setja upp dagskrá á Laugarvatni í staðinn.

Óhætt er að segja að ferðin hafi tekist vel og nemendur verið skólanum sínum og sér sjálfum til sóma.

Ýmislegt var brallað í ferðinni. Dagurinn hófst á námslotum en einnig voru ævintýraferðir, hellaskoðun, ratleikur, fitness keppni og sundlaugardiskó á dagskránni, svo eitthvað sé nefnt. Þá gerðust nemendur stuðningsmenn Laugdæla á körfuknattleikskappleik í íþróttahúsinu á Laugarvatni eitt kvöldið.

Skólábúðimar á Laugarvatni eru án efa komnar til að vera, þ.e. ef fólk þar getur tekið á móti okkur. Þetta var í fyrsta skipti sem svona dagskrá er skipulögð og nú sest okkar starfsfólk yfir það hvernig gekk, svo sníða megi af agnúa.

Kríúasi 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson, skólástjóri